

Félag íslenskra náttúrufræðinga er stéttarfélag og er fyrsti kostur náttúrufræðinga hvort sem þeir starfa á opinberum eða almennum markaði.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga, skammstafað FÍN, var stofnað af nokkrum náttúrufræðingum árið 1955. FÍN er eitt af stærstu aðildarfélögum Bandalags háskólamanna (BHM) sem eru heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði.**

Alls starfa rúm 30% félagsmanna FÍN á almennum markaði og tæp 70% á opinberum markaði, þ.e. hjá ríkinu, sveitarfélögum, sjálfseignastofnunum og öðrum sem hafa gert kjarasamninga við FÍN sem byggja á ríkissamningum.

Hlutverk félagsins er að stuðla að samvinnu og samheldni náttúrufræðinga á Íslandi og að bæta markvisst kjör félagsmanna sinna. Félagið annast gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn sína sem félagsmenn greiða atkvæði um.

Aðild að FÍN er háð ákveðnum skilyrðum samkvæmt lögum félagsins. **Peir geta orðið félagsmenn í FÍN sem hafa lokið bachelor-prófi eða sambærilegri menntun í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum frá háskóla eða hliðstæðum menntastofnunum.** Nemar í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum geta sótt um aukaaðild að félaginu þegar þeir hafa lokið a.m.k. eins árs háskólanámi og ráðnir eru til tímabundinna faglegra starfa. Aukaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi. Umsókn um aðild að félaginu skal vera skrifleg og hægt er að senda inn umsókn í gegnum heimasíðu félagsins [www.fin.is](http://www.fin.is), ásamt afriti af prófskírteinum.

Stjórnarmenn og trúnaðarmenn FÍN eru mjög virkir í félaginu, en stjórn félagsins hittist mánaðarlega og trúnaðarmenn og stjórn tvisvar á ári. Félagið er skipað 20 stjórnarmönnum og af þeim skipa 5 stjórnarmenn framkvæmdastjórn félagsins. Formaður FÍN heimsækir árlega alla vinnustaði þar sem 5 eða fleiri félagsmenn

starfa, en félagsmenn eru út um allt land. Á vinnustaðafundnum fer formaður yfir kjaraumhverfi náttúrufræðinga, launaþróun og ýmis réttindamál.

**Félagið hefur mótað sér stefnu til ársins 2017** og er hún aðgengileg á heimasíðu félagsins. Í þessari stefnu hefur stjórn dregið upp mynd af félaginu eins og stjórnendur FÍN vilja sjá stöðu félagsins árið 2017, unnið er markvisst að og samkvæmt þessari framtíðarsýn.

**FÍN er umhugað að veita persónulega, faglega og góða þjónustu.** Félagið veitir margskonar aðstoð og ýmsa þjónustu. Þar má nefna að félagið aðstoðar félagsmenn við að ná fram rétti sínum ef ekki er staðið við gerða samninga. Félagið kemur ekki beint að persónubundnum ráðningarsamningum, en leiðbeinir félagsmönnum um það sem betur má fara í ráðningarsamningi. Félagið aðstoðar félagsmenn sína við að undirbúa sig undir launaviðtal.

Á skrifstofunni eru þrír starfsmenn í fullu starfi, sem aðstoða félagsmenn FÍN og veita þeim persónulega ráðgjöf sé eftir því leitað. Formaður FÍN er Páll Halldórsson, framkvæmdastjóri FÍN er Maríanna H. Helgadóttir og móttöku- og skjalafulltrúi FÍN er Margrét Rafnsdóttir. Hafið samband við félagið í síma 5955175 eða sendið tölvupóst á netfangið [fin@bhm.is](mailto:fin@bhm.is) ef þú vilt pantast viðtal við formann eða framkvæmdastjóra félagsins.



**FÍN**  
Félag íslenskra  
náttúrufræðinga

Við hvetjum félagsmenn okkar og aðra sem hafa áhuga á félaginu að heimsækja heimasíðu félagsins [www.fin.is](http://www.fin.is) en þar eru ýmsar upplýsingar um stéttarfélagið.